

Mánudaginn 1. október 1962.

Nr. 108/1962. Þórscafé h/f

gegn

tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking úrskurðar og heimvísan máls.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. ágúst 1962, er barst dóminum 24. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, að vitninu Hallgrími Jónssyni heimilist að staðfesta vætti sitt fyrir fégetadómi með drengskaparheiti og varnaraðili greiði honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi málsaðilja, og krafna þeirra í aðalmálinu, málsástæðna og málsatvika er að engu getið. Héraðsdómari hefur því eigi gætt fyrimæla 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á formhlið málsins þykir verða að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fégetadóms Reykjavíkur 9. ágúst 1962.

Er mál þetta var fyrir dóminum hinn 30. okt. s.l., var Hallgrímur Jónsson lögregluþjónn leiddur sem vitni. Hinn 2. f. m.

kom hann aftur fyrir dóminn að tilhlutan umboðsmanns gerðarþola, er óskaði þess, að vitnið staðfesti framburð þess frá 30. okt. s.l. Spurði fógæti vitnið, hvort það væri í viðurkenndu trúfélagi og tryði á guð. Vitnið neitaði að svara þeirri spurningu, kvað það einkamál sitt og að það teldi sér ekki skylt að staðfesta framburð sinn með eiði, en væri fúst að staðfesta hann með drengskaparheiti.

Umboðsmaður gerðarþola krafðist þess þá, að vitnið yrði látið staðfesta framburð þess með drengskaparheiti, enda yrði það ekki skyldað til að svara framangreindri spurningu fógæta, sbr. hæstaréttardóm frá 1954, dómasafn bls. 16—17.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess þá, að vitnið yrði skyldað til að svara spurningu fógæta, þar eð hinn tilvitnaði hæstaréttardómur ætti ekki við um tilvik sem það, er hér um ræðir.

Fógæti tók sér frest til næsta réttarhalds til þess að kveða upp úrskurð um þetta atriði.

Samkvæmt 222. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 gildir 134. gr. sömu laga um staðfestingu í fógætamálum.

Samkvæmt því lagaákvæði fer staðfesting fram með tvennum hætti, eiðvinningu og drengskaparheiti, og skal staðfesting fara fram með eiðvinningu, ef vitnið er í viðurkenndu trúfélagi og tjáir sig að gefnu tilefni fyrir dómara trúa á guð. Ella skal staðfesting fara fram með drengskaparheiti.

Leiðir af því, að staðfesting getur ekki farið fram, ef vitni neitar að svara spurningu sem þeirri, er hér um ræðir.

Dráttur á uppkvaðningu úrskurðar þessa stafar af sumarleyfi fógæta.

Því úrskurðast:

Vitninu, Hallgrími Jónssyni, er skylt að svara framangreindri spurningu fógæta, áður en hægt er að ákveða, á hvern hátt það skuli staðfesta framburð þess hér fyrir dómnum.
